

Rafstrengur við Laufafell, Rangárþingi ytra

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 15. júlí 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Öryggisfjarskiptum um Rafstreng við Laufafell í Rangárþingi ytra, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.16 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Forsætisráðuneytisins, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og Orkustofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Rafstrengur við Laufafell, Öryggisfjarskipti ehf., Fyrirspurn um matsskyldu. Öryggisfjarskipti – COWI. Júlí 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi ytra dags. 15. ágúst 2025
- Forsætisráðuneytinu dags. 12. ágúst 2025
- Minjastofnun Íslands 20. ágúst 2025
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 25. júlí 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 18. ágúst 2025
- Náttúruverndarstofnun dags. 13. ágúst 2025
- Vegagerðinni dags. 12. ágúst 2025

Ekki barst umsögn frá Umhverfis- og Orkustofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 22. ágúst 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að endurnýja núverandi rafstreng sem liggur upp Laufafell frá smávirkjun austan megin við fellið í fjarskiptastöð Neyðarlínunnar á toppi Laufafells. Til að tryggja öruggan flutning raforku upp í fjarskiptastöðina þarf að leggja nýjan jarðstreng í stað þess gamla en um er að ræða lágspennustreng á 1 kV spennu sem er um 2,5 mm að þvermáli. Ný áformuð strengleið yrði vestan megin við fellið, niður öxl á fellinu og með rótum Laufafells en heildarlengd strengsins verða tæpir 4 km. Gert er ráð fyrir að strengurinn liggi frá stöðvarhúsinu og að fjallveginum Fjallabaksleiðs syðri þar sem strengurinn þverar veginn og þaðan liggur hann áfram eftir rótum Laufafells meðfram Laufahrauni í átt að Laufavatni en þaðan er hann lagður upp öxl í fellinu að mastrinu. Núverandi strengur verður aflagður og fluttur á brott. Mögulega verða einhverjar hliðranir á strengnum ef aðstæður í umhverfinu kalla á það. Leiðin sem um ræðir er eina akfæra leiðin upp fellið en núverandi strengur fer niður kletta og vegna mikils grjóthruns verður hann oft fyrir tjóni með tilheyrandi kostnaði og truflunum á þjónustu.



4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Öryggisfjarskipta og umsögnum umsagnaraðila.

Náttúrufar

Í greinargerð Öryggisfjarskipta kemur fram að vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu aðallega moslendi, melar og sandlendi. Strengleiðin upp Laufafellið einkennist af skriðum og klettum og þar finnst engin vistgerð með hátt verndargildi. Af þeim vistgerðum sem mest sé af innan framkvæmdasvæðisins sé melagambravist eða um 32% af heildarrasksvæði en verndargildi hennar sé miðlungs mikið. Þar á eftir komi sanda- og vikravist og ljónslappaskriðuvist, en verndargildi þeirra sé lágt. Þær séu þó á lista Bernarsamningsins.

Framkvæmdasvæðið sé ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og jarðfræði framkvæmdasvæðisins einkennist af súru gosbergi skv. jarðfræðikorti ÍSOR.

Í ljósi þess að ekki sé um að ræða stórt svæði og umfangsmikla framkvæmd að ræða séu áhrif á vistgerðir og fuglalíf metin óveruleg. Jarðrask vegna framkvæmdanna eigi sér stað á framkvæmdatíma en eiginlegt rask á aðallega við um plógfarið eftir gröfu. Í ljósi þess að um sé að ræða óveruleg för og að ekkert rask verði á hrauni séu áhrif á jarðminjar metin óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að um sé að ræða víðfemt, lítt gróið svæði á hálendinu og strengleiðin nái að Friðlandinu að Fjallabaki á toppi Laufafells. Strengleiðin sé innan svæðis á náttúruuminjaskrá og hún sést vel frá Fjallabaksleið syðri. Þá sé svæðið hluti af Torfajökulseldstöðinni sem talin sé einstök bæði á lands- og heimsvísu. Þar sé stærsta líparít svæði landsins og innan Torfajökulsöskjunnar sé stærsta jarðhitasvæði landsins. Árið 2011 samþykkti ríkisstjórn Íslands að bæta Torfajökulssvæðinu á yfirlitslista heimsminja Íslands með tilnefningu á heimsminjaskrá UNESCO í huga. Árið 2013 hafi tillagan svo verið samþykkt en það sé fyrsti áfangi í tilnefningu svæðis til heimsminjaskrár UNESCO. Fjögur atriði séu talin upp í yfirlitsskránni sem gætu uppfyllt viðmið UNESCO fyrir heimsminjasvæði og þrjú þeirra tengist jarðminjum og eitt landslagi. Að framansögðu þurfi allur frágangur að vera til fyrirmyndar vegna mikilla náttúruverðmæta og gæta þurfi að því að ekki verði skilin eftir för við rásir í hlíðum Laufafells sem geti rofnað út frá.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að tekið sé undir mikilvægi frágangs á svæðinu. Lögð sé rík áhersla á að lágmarka rask og vanda til við frágang þannig að áhrif á rekstrartíma verði óveruleg. Þegar strengurinn sé plægður niður leggist jarðvegurinn yfir og yfirborðið verði slétt. Yfirborðið sé lagað þar sem þörf sé á. Það ætti því ekki að vera hætt á því að það rofni út frá förum eða rásum í hlíðum Laufafells.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að mótvægisáðgerðir vegna framkvæmdanna ættu að felast í að leggja strenginn eftir náttúrulegum öxlum og forðast skarpan skurð í bröttum hlíðum. Ekki ætti að sá grasfræi í gróðurlausar skriður og nota tilbúinn áburð, nema um einærar grastegundir sé að ræða. Gróskumikið graslendi myndi stinga í stúf við næsta nágrenni. Það ætti að geyma yfirborðsjarðveg og leggja hann yfir strenginn að lokinni plægingu til að flýta endurheimt gróðurs og fela ummerki. Að lokum ætti að fylgja viðurkenndum verklagsreglum á hálendissvæðum um frágang og eftirlit og hafa virkt samstarf við Landgræðsluna um gróðurframvindu.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að jarðvegur leggist ofan á strenginn eftir að hann hafi verið plægður niður og almennt þurfi ekki að laga yfirborðið en ef þörf sé á sé það gert með hrifu og skóflu. Þá verði grasfræjum ekki sáð.

Strenglögnin fari ekki um gróið land nema á stuttum kafla, aðallega þar sem áður voru lögð rör að virkjuninni. Sá hluti hafi gróið vel upp með sömu gróðurtegundum og fyrir séu. Við plægingu verði mun minna rask en við rörlögn og sé því þess ekki að vænta að það þurfi sérstakt eftirlit með gróðurframvindu.



Vatnafar og vatnshlot

Í greinargerð Öryggisfjarskipta kemur fram að strengurinn liggja um grunnvatnshlotið Tindajökull-Torfajökull (103-285-G) skv. vatnavefsíðinni sé efnafræðilegt ástand þess óþekkt sem og magnstaðan og ekkert álag skráð á það. Þá liggja strengurinn meðfram farvegi Laufalækjar þar sem vatnssöfnun eigi sér stað vegna virkjunarinnar. Um sé að ræða straumvatnshlotið Laufalæk (103-782-R) þar sem vistfræðilegt ástand sé skráð mjög gott en efnafræðilegt ástand sé óþekkt, ekkert álag sé skráð á vatnshlotið.

Áhrifa á vatnafar gæti gætt á framkvæmdatíma en með góðu verklagi ættu áhrif að verða óveruleg. Helstu áhættuþættir felist í losun olíumengandi efna frá gröfu. Með skýru verklagi og góðum frágangi telji framkvæmdaraðili að ekki sé hætt á að hnignun verði á ástandi vatnshlota og að umhverfismarkmið þeirra náist ekki. Ekki sé þörf á áhrifamati vatnshlota vegna þess að um sé að ræða framkvæmd sem valdi óverulegum inngripum.

Landslag og ásynd

Í greinargerð Öryggisfjarskipta kemur fram að samkvæmt landslagsgreiningu sem unnin var í tengslum við tillögu að landsskipulagsstefnu sé framkvæmdasvæðið innan svæðis sem flokkist sem virk/ung eldfjallasvæði.

Framkvæmdin liggja innan tveggja svæða sem tilheyri sitt hvorum undirflokknum. Um sé að ræða annars vegar litrík háhitasvæði og hinsvegar ungt fjalllendi með nútímahraunum.

Litrík háhitasvæði séu skilgreind sem mikill jarðhiti, litríkar hæðir og hverir með gufustrókum sem setji svip sinn á landslagið. Fjölbreytni sé mikil með skörpum andstæðum. Byggð sé lítil innan svæða en þau séu vinsælir ferðamannastaðir og orkuvinnslusvæði.

Ungt fjallendi með nútímahraunum sé skilgreint sem ungt hraun og fjalllendi á virka eldstöðvabeltinu. Þar sé að finna móbergsfjöll eða stapa með hraunum og grýttum eða sendnum flóðasléttum í lægðum. Gróður sé gisinn, aðallega mosi eða gras. Byggð sé lítil.

Ásýndaráhrif muni helst vara á framkvæmdatíma eða með því að halda raski í lágmarki og með vönduðum frágangi eigi áhrif á ásynd á rekstrartíma að vera óveruleg. Gert sé ráð fyrir að ummerki á svæðinu hverfi á næstu þremur árunum.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að það ætti að skoða aðra valkosti með legu strengsins þ.e.a.s. hvort hægt væri að færa strenginn vestur og tengja hann við slóða sem fer í Fjallabaksleið syðri og fylgja veginum og slóðum að skálanum.

Í svari framkvæmdaraðila segir að leiðin hafi verið valin með tilliti til jarðvegs og landslags þannig að lagningin gangi sem best fyrir sig og valdi sem minnstu mögulegu raski. Leiðin sé jafnframt eina færa leiðin með ökutæki niður fellið. Skoðað hafi verið að fylgja slóða, hann liggja um gróið hraun og ekki pláss við hlið slóðans fyrir strenglagn nema með því að valda frekara raski á hrauninu en orðið sé. Talsvert rask myndi fylgja plægingu í gróft hraunið. Valin hafi verið leið sem valdi mun minna sjáanlegu varanlegu raski.

Verndarsvæði

Í greinargerð Öryggisfjarskipta kemur fram að landið sem um ræðir sé þjóðlenda og afréttarland sem tilheyri Rangárfni ytra. Fyrirhuguð framkvæmd sé innan afmörkunar svæðis sem nefnist Emstrur og Fjallabak og sé á náttúruminjasráð yfir aðrar náttúruminjar. Þar segir um svæðið „761. Emstrur og Fjallabak, Rangárvallasýslu, V-Skaftafellssýslu. (1) Landsvæðið á milli svæðis nr. 730, og Friðlands að Fjallabaki annars vegar og Þórsmörkur og Mýrdalsjökuls hins vegar. Til vesturs ræður lína úr Jökulöldum um Þórólfsfell og Smáfjöll í Vondubjalla. Til austurs og norðurs ræður lína úr Öldufelli um Svartafell í Svartahnúk og þaðan í Torfajökul. (2) Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.“



Fyrirhuguð framkvæmd sé utan friðlandsins að fjallabaki. Þá muni strengurinn ekki þvera vistkerfi eða jarðminjar sem njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Strengurinn muni liggja rétt utan við Laufahraun að hluta sem flokkist sem eldhraun á nútíma sem njóti sérstakrar verndar. Leitast verði eftir því að koma í veg fyrir rask á hrauninu. Þá muni strengurinn liggja nærri Laufavatni sem tilheyrir flokknum stöðuvatn og tjarnir stærri en 1.000 m². Engin vatnsverndarsvæði eða vatnsból séu innan rasksvæðis framkvæmda. Þá sé ekki um að ræða svæði sem falli undir ákvæði hverfisverndar.

Í umsögn Forsætisráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið geri ekki athugasemd við áformaða framkvæmd en taki fram að mikilvægt sé að þverunarleyfi frá Vegagerðinni liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjist, sem og öll tilskilin leyfi frá sveitarfélagi og jákvæð umsögn frá Minjastofnun Íslands, áður en til framkvæmda komi. Ráðuneytið telji einnig mjög mikilvægt að breytingar á deiliskipulagi séu gerðar áður en framkvæmdir hefjist. Ráðuneytið telji að nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum sem og mótvægisáðgerðum og vöktun þar sem það eigi við. Ráðuneytið geri kröfu um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og á landi, og að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að sótt verði um öll tilskilin leyfi þar með talið til sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar. Fyrir liggi umsögn Minjastofnunar Íslands þar sem fram komi að stofnunin telji ekki þörf á að umrædd framkvæmd fari í umhverfismat. Þá séu ekki taldar líkur á því að fornleifar finnist á svæðinu en haft verði samband við Minjastofnun ef að minjar finnist við framkvæmdir.

Ný lega rafstrengsins verði færð inn á deiliskipulag þegar staðfest lega hans liggi fyrir og lögð sé rík áhersla á að lágmarka rask og vanda til við frágang þannig að áhrif á rekstrartíma verði óveruleg. Þegar strengurinn hafi verið plægður niður leggist jarðvegurinn yfir og yfirborðið verði slétt. Yfirborð sé lagað þar sem þörf sé á. Þá sýni reynsla neyðarlínunnar að ef verki sé að verki staðið, hverfi ummerki fljótt.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin veki athygli á að samkvæmt 13. gr. laga nr. 80/2007 um vegi og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 1227/2012 um framkvæmdaleyfi og verklag við framkvæmdir á og við þjóðvegi sé óheimilt að framkvæma verk sem hafi áhrif á mannvirki í umsjón Vegagerðarinnar nema að fengnu framkvæmdarleyfi stofnunarinnar. Einnig skuli framkvæmdaraðili bera allan kostnað af frágangi og tryggja að vegur verði fær og í fullu ásigkomulagi að framkvæmdum loknum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Öryggisfjarskipti muni sækja um öll tilskilin leyfi þar á meðal til Vegagerðarinnar vegna þverunar Fjallabaksleiðar syðri. Lögð sé rík áhersla á góðan og vandaðan frágang og mun framkvæmdaraðili sjá til þess að vegurinn verði fær og í góðu ásigkomulagi að framkvæmum loknum.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er innan hálendismarka og landnotkun skilgreind sem óbyggt svæði skv. Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028. Lagning strengja 33 kV eða minni skal tilkynnt til skipulagsfulltrúa og framkvæmdin skal unnin í samráði við umráðahafa lands. Einungis þarf að sýna strengi 66 kV eða stærri í skipulagsuppdráttum.

Í gildi er deiliskipulag fyrir hluta svæðisins sem unnið var vegna smávirkjunarinnar og var samþykkt í maí 2024. Breyta þarf orðalagi í gildandi deiliskipulagi með tilliti til þessarar framkvæmdar og færa nýja legu rafstrengsins inn á deiliskipulagið þegar staðfest lega hans liggur fyrir.



Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Rangárþings ytra skv. skipulagslögum, auk framkvæmdaleyfis frá Vegagerðinni skv. lögum um vegi og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

6 Niðurstaða

Um er að ræða lagningu rafstrengs um 4 km leið við Laufafell í Rangárþingi ytra. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.16 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlandis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Með framkvæmdinni verður lagður jarðstrengur tæplega 4 km leið og verður hann að mestu plægður niður í jörðina og rasksvæði verður 2,1-2,4 m að breidd. Heildarumfang raskaðs svæðis er um 1 ha. Framkvæmdinni mun fylgja jarðrask vegna plægingarinnar sem áætlað er að grói fljótt upp. Strengurinn mun liggja upp eina akfæra slóðann upp fellið til að halda raski í lágmarki. Mikilvægt er að gengið verði frá framkvæmdasvæðinu þannig að rask verði sem minnst en framkvæmdin er að mestu leyti afturkræf.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis sem bundið er ýmsum verndarákvæðum m.a. innan afmörkunar Fjallabaks og Emstra sem er svæði á náttúruminjaskrá. Auk þess hefur svæðið fengið tilnefningu svæðis til heimsminjaskrár UNESCO. Engar skráðar fornminjar eru innan framkvæmdasvæðisins en innan svæðisins finnast vistgerðir með lágt og miðlungs verndargildi og þá má einnig finna þar vistgerðir á lista Bernarsamningsins. Lagning strengsins mun ekki raska hrauni, votlendi eða öðrum náttúruminum sem njóta verndar 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar munu fyrst og fremst felast í raski á gróðurhulu á strengleið en um umfangslítið svæði og umfangslitla framkvæmd er um að ræða og áhrifin því metin óveruleg. Ásýndaráhrif munu vara á framkvæmdartíma og á meðan ummerki á svæðinu eru að gróa upp en öll ummerki ættu að vera horfin að þremur árum liðnum. Með vönduðum frágangi og lágmarks raski eru áhrifin á ásýnd metin óveruleg. Skipulagsstofnun bendir á að ávallt ber að hafa í huga að um er að ræða mjög mikilvægt svæði sem nýtur ýmis konar verndar og þarf verklag og frágangur að taka mið af því. Náttúruverndarstofnun bendir á nokkrar mótvægisáðgerðir í sinni umsögn sem Skipulagsstofnun tekur undir að ætti að fylgja að loknum framkvæmdum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2.



viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 29. september 2025

Reykjavík, 29. ágúst 2025

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

